Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra
Logi Einarsson
Reykjastræti 8
101 Reykjavík

FJÖLMIÐLANEFND

Reykjavík, 28. október 2026

Efni: Eftirlit Fjölmiðlanefndar með hlaðvörpum og öðrum skráðum fjölmiðlum

Miklar umræður hafa skapast um starfsemi Fjölmiðlanefndar á síðustu mánuðum, sérstaklega hefur verið fjallað um skráningarskyldu hlaðvarpa og túlkun og framkvæmd nefndarinnar á gildandi lögum um fjölmiðla nr. 38/2011.

Af þessu tilefni telur Fjölmiðlanefnd mikilvægt að koma því á framfæri að hún telur lögin skýr hvað eðli hlaðvarpa varðar, þau geta fallið undir gildissvið laganna og talist til fjölmiðla, enda eru lögin tæknióháð. Þessi túlkun hefur verið staðfest af hérlendum dómstólum í tvígang. Uppfylli hlaðvörp hugtaksskilyrði fjölmiðlalaganna eru þau skráningarskyld líkt og aðrar tegundir fjölmiðlunar. Ástæða er til að benda á að í 22. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna er sérstaklega að finna skilgreiningu á hugtakinu hlaðvarp. Jafnframt er skýrt kveðið á um að fjölmiðlar sem falla undir gildissvið laganna skuli skrá starfsemi sína skv. 14. gr. og veita við skráninguna upplýsingar um m.a. ábyrgðarmann, fyrirsvarsmann, dagskrárstefnu og eignarhald miðilsins. Nefndin undirstrikar að hún telur að framkvæmd og túlkun við skráningu fjölmiðla, þ.m.t. hlaðvarpa, sé í fullu samræmi við gildandi lög og fyrirliggjandi lögskýringagögn.

Nefndin hefur séð ýmis ummæli ráðherra í fjölmiðlum að undanförnu sem gefa tilefni til þess að vekja athygli á reglugerðarheimild í 1. mgr. 62. gr. laga um fjölmiðla, þar sem segir að ráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstaka kafla þeirra. Í b-lið lagaákvæðisins er auk þess sérstaklega tekið fram að í reglugerð megi útfæra nánar tilhögun skráningar fjölmiðlaveitu. Nefndin bendir á að slíka heimild má nýta til þess að skýra fyrirkomulag um skráningu hlaðvarpa, líkt og annarra miðla.

Vakin er athygli á að skv. 2. mgr. 62. gr. fjölmiðlalaganna skal afla tillagna Fjölmiðlanefndar áður en kemur til setningar reglugerðar á grundvelli framangreindrar heimildar. Nefndin myndi fagna því að koma að slíku verki og vinna sem endranær að markmiðum fjölmiðlalaga um að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, upplýsinga- og miðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi.

Virðingarfyllst,

Einar Hugi Bjarnason
Einar Hugi Bjarnason

María Rún Bjarnadóttir
María Rún Bjarnadóttir

Erla Skúladóttir
Erla Skúladóttir

Róbert H. Haraldsson
Róbert H. Haraldsson